

## Skólaráðsfundur

<b>FUNDARGERÐ</b>	Tílefni fundar Fjórhúsi fundur skólaráðs		
Dags. fundar 24. mars 2015	Tími (08:10 – 09:40)	Staður Skólastjóraskrifstofa, Hjalla	Nr. fundar 4
Fundarboðandi Sigrún B.	Fundarritari Sigrún Guðm.	Fundarstjóri Sigrún B.	Fj. bls. 1

Boðaðir voru: Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Pálsdóttir, Selma Guðmundsdóttir, Hólmfríður Einarsdóttir, Ragnar Gíslason, Birna Særós Sigurbergisdóttir, María Kristín Jóhannsdóttir.
Mættir voru: Allir mættir nema Ragnar og María.
Málefni fundar: 1. Skóladagatal 2. Öryggi og aðbúnaður 3. Framkvæmdir 4. Önnur mál

Málefni	Niðurstaða
1. Skóladagatal	Skóladagtal næsta skólaárs lagt fyrir. Hugmynd að færa skipulagsdag sem er í mars yfir í febrúar þar sem stefnt er að endurmenntunarferð til Edinborgar eða London. 7. október er sameiginlegur starfsdagur í Kópavogi. Umræða um dagatalið á eftir að fara inn á deildarfundi. Foreldrarfulltrúar ítrekuðu beiðni sína um að athugað yrði með að hafa viku vetrarleyfi í febrúar. Þarf að kanna á vegum bæjarfélagsins. Spurt um dægradvöl hvort hægt sé að nýta sér hana þegar skipulagsdagur er á degi sem nemandi er ekki skráður í dægradvöl en er skráður aðra daga. Athuga á hvort færa eigi samráðsdag fram í vikuna 19. – 23. okt í stað 2. nóv. Verið er að skoða prófatíma hjá unglíngastigi í maí.
2. Öryggi og aðbúnaður	Tvær brunaæfingar eru á skólaárinu fyrri er kynnt og er þjálfunaræfing. Seinni er óvænt en öryggisteymi ákveður dag. Áhættumatsvinna hefur farið fram og voru öll svæði rædd innan skólans. Útikennslustofa komin fyrir skólann úti á Víghól.
3. Framkvæmdir	Farið verður í framkvæmdir innanhúss í Digranesi. Klára á list- og verkgreinagang þar sem heimilisfræði og smíðastofa verða kláraðar ásamt lofti á ganginum og ath á með að færa myndamenntastofu svo allar verkgreinar verði á sama gangi. Vinnuherbergi kennara lagað. Ath á með framkvæmdir á skólalóðinni við Digranes. Athugasemd kom um að fjölga megi leiktækjum Hjallamegin.
5. Önnur mál	Rætt var um morgunfundi elsta og miðstigs. Þar kom m.a. tillaga fram að í náms- og starfsnámi yrði Álfhólsskóli fremstur í flokki. Foreldrafulltrúar komu með þá hugmynd að sent yrði bréf heim þar sem látið væri vita af hve vel hefði verið mætt á þessa fundi og góð umræða hefði farið fram. Umræða um upptöku á nýju einkunnarkerfi A B C. Einnig rætt um bráðger börn. Fyrirspurnir um 1. bekk í haust en búið er að innrita 65 nemendur, tímasetningar verða skoðaðar. Umræða um vinnuáðstöðu kennara 1. bekkjar þar sem dægradvöl er í stofunum eftir kennslu. Verðandi öðrum bekk verður skipt upp í umsjónarhópa Næsti fundur áætlaður 8. apríl.